

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

79. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn þriðjudaginn 13. mars 2018 í Borgartúni 21 og hófst hann kl. 15:00

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Greiðsla álags í teyrum samkvæmt grein 1.3.6 vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu.

Samstarfsnefnd er sammála um að eftirfarandi gildi um framkvæmd greiðslna vegna forfalla kennara í teymiskennslu.

Þegar kemur að teyrum er heimilt að dreifa álaginu á teymismeðlimi þannig að forföllin kosti í rauninni alltaf jafn mikið hvort sem inn kemur „utanaðkomandi“ forfallakennari eða þeir sem eftir standa í teyminu deila með sér verkum. Sjá nánari útfærslu í dæmum a, b og c:

a. Ef þrír kennarar eru í teymi og einn forfallast, ber að greiða hinum tveim hvorum um sig 50% álag.

b. Í fjögurra kennara teymi ef einn forfallast (og ekki kemur inn afleysing) fá þeir þrír sem eftir standa 33% álag hver.

c. Í fimm kennara teymi, ef einn forfallast (og ekki kemur inn afleysing) þá fá þeir fjórir sem eftir standa 25% álag hver.

Ef aðstæður eru með þeim hætti að hægt sé að fela einum kennara í teymi nemendur forfallaðs kennara og sú kennsla fer fram í sérstöku rými fær kennarinn 0,5 álag vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu sem er almenna reglan í grein 2.3.6 um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu.

Leitast skal við að leysa forföll með „utanaðkomandi“ afleysingum eins og kostur er.

2. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30